

SAMÞYKKT UM TÍMABUNDINN AFSLÁTT AF GATNAGERÐAGJÖLDUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að framlengja tímabundið heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 153/2006 og 6 gr. samþykktar Húnaþings vestar um gatnagerðargjöld nr. 717/2013.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að níu íbúðarhúsalóða sem afslátturinn mun ná til, þriggja á Laugarbakka og sex á Hvammstanga.

- Lóðirnar sem umræðir verða skilgreindar á lista sem sveitarstjórn samþykkir.
- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en 31. desember 2020 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af byggðarráði.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóðina gildir einnig útdráttur milli umsækjenda.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að umsækjandi hefur sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi. Byggingaframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fókheldisvottorð innan tveggja ára, „að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda“

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og lista yfir þær lóðir sem samþykktin nær til og felur sveitarstjóra að auglýsa hana.

Lóðir sem afsláttur gatnagerðargjalda ná yfir:

Hvammstangi

- Bakkatún 3
- Bakkatún 5
- Bakkatún 6
- Grundartún 2
- Grundartún 8
- Hlíðarvegur 21

Laugarbakki

- Teigagrund 1
- Teigagrund 7
- Gilsbakki 1-3 parhús

Þóttlátur Þórunn
Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Sigríður Elva Ársælsdóttir
Fríðrik Már Sigurðsson
Sigríður Ólafsdóttir
Maeyrit V. Ólafsdóttir
Maeyrit Ólafsdóttir